

REGLUGERÐ

um innheimtu og skil forvarnagjalds.

1. gr. *Álagning.*

Forvarnagjald skal leggja árlega á allar húseignir sem brunatryggja skal samkvæmt lögum um brunatryggingar, nr. 48/1994.

2. gr. *Gjaldstofn.*

Forvarnagjald nemur 0,08% af brunabótamati húseignar samkvæmt lögum um brunatryggingar.

3. gr. *Innheimta.*

Vátryggingafélög sem brunatryggja húseignir innheimta forvarnagjald skv. 4. gr. laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga, nr. 84/2023. Gjaldið skal innheimt með iðgjöldum til Náttúruhamfaratryggingar Íslands, skv. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 55/1992, og því skilað í ríkissjóð. Ef húseign er brunatryggð hjá vátryggingafélagi með starfsleyfi erlendis skal gjaldinu skilað til Fjársýslu ríkisins.

4. gr. *Uppgjör og gjalddagi.*

Skylda til greiðslu forvarnagjalds hefst við upphaf gildistíma á grundvelli vátryggingaskírteinis brunatryggingar.

Uppgjörstímabil forvarnagjalds frá vátryggingafélögum í ríkissjóð er einn almanaksmánuður. Gjaldldagi áfallinna forvarnagjalda til Fjársýslu ríkisins er fimmtándi dagur þriðja mánaðar eftir lok uppgjörstímabils. Beri gjaldldaga upp á helgidag eða almennan frídag færist hann yfir á næsta virka dag á eftir.

Fjársýslu ríkisins er heimilt að draga forvarnagjöld sem ekki innheimtast frá greiðslu forvarnagjalda á næsta gjaldldaga eftir að ljóst er að innheimtutilraunir hafi ekki borið árangur. Innheimtist forvarnagjöld síðar skal standa skil á þeim á næsta gjaldldaga, sbr. 2. mgr.

Greiði vátryggingafélag ekki forvarnagjald á gjaldldaga skal félagið greiða dráttarvexti af gjaldfallinni fjárhæð í samræmi við ákvæði vaxtalaga.

5. gr. *Skilamáti í ríkissjóð.*

Greiðslu forvarnagjalds skal fylgja skilagreini á því formi sem Fjársýsla ríkisins ákveður.

6. gr. *Upplýsingagjöf vátryggingafélaga til Fjársýslu ríkisins.*

Vátryggingafélög skulu veita Fjársýslu ríkisins sundurliðaðar upplýsingar um þá vátryggingarsamninga sem forvarnagjald er innheimt vegna. Upplýsingarnar skal veita á því formi sem stofnunin ákveður.

7. gr.
Gildistaka.

Reglugerð þessi er sett skv. heimild í 4. gr. laga um vernd mikilvægra innviða á Reykjanesskaga, nr. 84/2023. Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2025.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 20. desember 2024.

F. h. r.
Gunnlaugur Helgason.

Elísabet Júlíusdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 30. desember 2024